



**Reykjavíkurborg**  
Skóla- og frístundasvið



## **Fossakot & Korpukot**

**2020 – 2021**



### **Framtíðarsýn skóla og frístundasviðs:**

Í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlast börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag.

## Efnisyfirlit

Um starfsáætlanir leikskóla .....	4
Leiðarljós leikskólans: .....	5
1 Greinargerð leikskólastjóra .....	5
2 Mat á leikskólastarfi.....	6
2.1 Innra mat deilda .....	7
2.2 Ytra mat .....	16
2.3 Matsáætlun/umbótaáætlun.....	16
3 Áherslur í starfi leikskólans.....	17
4 Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur með .....	19
4.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur .....	19
4.2 Verk-, tækni- og listnám .....	19
4.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi.....	20
4.4 Fjölmennning.....	21
5 Starfsmannamál, starfsþróunarsamtöl og fræðsla.....	22
5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní 2020.....	22
Starfsþróunarsamtöl.....	23
5.2 Fræðsla .....	23
6 Aðrar upplýsingar .....	24
7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva.....	27
8 Foreldrasamvinna.....	27
8.1 Foreldrafundir .....	27
8.2 Foreldrasamtöl .....	28
8.3 Foreldraráð .....	28
8.4 Foreldrafélag .....	28
9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal .....	28
9.1 Skipulagsdagar.....	28



9.2	Leikskóladagatal .....	28
10	Fylgigögn.....	29



## Um starfsáætlanir leikskóla

Samkvæmt lögum um leikskóla nr. 90/2008 vinna leikskólar eftir aðalnámskrá fyrir leikskóla. Samkvæmt henni vinnur hver og einn leikskóli upp sína skólanámskrá þar sem fram kemur á hvern hátt leikskólinn uppfyllir þau viðmið sem þar eru sett fram.

Leikskólar gera starfsáætlun þar sem fjallað er um árlega starfsemi leikskólans, birt skóladagatal og ýmsar aðrar hagnýtar upplýsingar um skólahald hvers leikskóla. Áætlunin þarf að fá umsögn foreldraráðs áður en skóla- og frístundaráð tekur hana til afgreiðslu samkvæmt lögum um leikskóla.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Hún á að sýna starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum hvernig starf leikskólans gekk á síðasta leikskólaári og hvernig unnið verði að umbótum og nýjum verkefnum á því næsta.

Í starfsáætlun leikskólans skulu koma fram:

- Matsaðferðir leikskólans og umbótamiðuð áætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats.
- Áherslur í leikskólastarfinu sem ætlunin er að vinna að, markmið, leiðir að markmiðunum áætlun um hvernig þau verða metin.
- Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur að.
- Starfþróunaráætlun leikskólans og upplýsingar um starfsmannamál.
- Fjöldi barna, kynjahlutfall, dvalarstundir, fjöldi barna sem njóta sérkennslu og fjöldi barna af erlendum uppruna.
- Upplýsingar um foreldraráð, foreldrafundi og foreldraviðtöl.
- Umsögn foreldraráðs.
- Skóladagatal fyrir árið.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Leiðarljós leikskólans:

Leiðarljós okkar í leikskóla LFA ehf. Fossakoti og Korpukoti er að skila til þjóðfélagsins námsfúsum og lífsglöðum börnum, með jákvætt viðhorf til samfélagsins. Börnum með sterka sjálfsmynd og heilbrigða siðferðiskennd. Börnum sem bera virðingu fyrir sjálfum sér og samfélaginu. Einkunnarorð leikskólans er „Það er leikur að læra“.

## 1 Greinargerð leikskólastjóra

Þau voru þung skrefin í sumarlok hjá okkur starfsfólkinu eftir að samstarfskona okkar til fjölda ára lést eftir stutt en erfið veikindi. Með samkennd, umhyggju og stuðningi við hvert annað tókumst við starfsfólk á við sorgina.

Vinnustaðurinn er stór hluti af lífi hvers og eins og því mikilvægt að líða vel á þeim vettvangi. Við höfum þetta leikskólaár á því að sitja námskeið þar sem farið var yfir áhrifaríkar leiðir til að bæta hæfni í samskiptum. Andrúmsloft vinnustaðar okkar snýst að miklu leyti um mannleg samskipti og vellíðan starfsmanna skiptir sérlega miklu máli. Börnin í leikskólanum lesa fljótt í samskipti okkar kennara, og þau samskipti veita börnunum öryggi yfir daginn. Við höfum vinnu við gerð samskipta-reglna og í lok skólaársins varð útkoman „samskiptasáttmáli“ sem allt starfsfólk átti þátt í að móta.

Lagt var upp með að leikskólastarfið væri með svipuðum hætti og undanfarin ár hvað varðar skipulag og viðfangsefni. Eins og áður er megin áhersla okkar lögð á málstarf og skráningu á málproska barna. Sú vinna er í sífelldu mati og þróun og er nú undir stjórn fagstjóra. Markvisst er unnið að því að mynda samheldinn og þéttan starfsmannahóp þvert á skólahúsin þar sem leitast er við að miðla þekkingu á milli, eiga hvetjandi og uppbyggileg samtöl sem og að skiptast á hugmyndum og skoðunum, því þannig lærum við.

Litlar breytingar urðu í starfsmannahópnum í Korpukoti og fór skólaárið þar vel af stað. Fossakot var ekki mannað að fullu þegar skólastarf hófst síðastliðið haust og af þeim sökum var einni deild lokað. Fossakot var þannig rekið sem þriggja deilda leikskóli fram í febrúar en þá var leikskólinn fullmannaður og fjórða deildin opnuð að nýju. Við teljum að þessi ákvörðun hafi gert það að verkum að börnin fundu ekki fyrir undirmönnun auk þess sem faglegt starf gekk eftir áætlan. Í ljósi aðstæðna var einnig fyrirhugaðri stöðu fagstjóra seinkað fram að áramótum 2019/2020.

Starfsáætlun gekk eftir að mestu leyti og náðum við nokkuð vel að halda utan um það skipulag sem lagt var upp með, ef frá er talið það tímabil sem takmarkanir á skólastarfi stóðu yfir vegna Covid-19.



## 2 Mat á leikskólastarfi

Mat á leikskólastarfi leggur faglegan grundvöll að endurbótum og tryggir að réttindi leikskólabarna séu virt. Matið er tvíþætt, annars vegar er um að ræða svokallað „ytra mat“. Það er mat sem framkvæmt er að utanaðkomandi aðilum s.s. sveitarfélagi, ráðuneytis mennta- og menningarmála eða annarra. „Innra mat“ er hins vegar það mat sem skólar framkvæma sjálfir.

Hægt er að líkja matinu við hringlaga ferli þar sem gagnaöflun fer fram. Í upphafi er ákveðið hvaða þætti skuli meta hverju sinni. Því næst er að safna saman gögnum sem varpa ljósi á þá þætti sem á að meta. Svo fer fram greining á þeim þáttum með tilliti til þeirra viðmiða sem lagt var upp með frá fyrra skólaári. Niðurstöður eru skoðaðar þ.e. hverjir styrkleikarnir eru og tækifæri til umbóta ígrunduð. Þegar niðurstöður liggja fyrir er gerð umbótaáætlun og vinna skipulögð út frá henni.



Símat er í TRAS vinnustundum og hópastarfi. Þá eru fylltur út þar til gerður skimunarlisti og skráningarblöð eftir hverja vinnustund til ígrundunar. Samantekt er svo í lok hverrar annar fyrir sig.

Fastur liður í daglegu starfi er svokallað óformlegt mat. Það fæst með því að hlusta eftir samtölum barna á milli sem og að eiga samtöl við starfsfólk, börnin og foreldra þeirra. Stjórnendateymi hittast einnig daglega til að leggja drög að deginum og þá um leið eru metnir hinir ýmsu þættir starfsins sem umræða er um hverju sinni eins og hvað sé gott og vel gert, hvað mætti betur fara o.þ.h.

Mikilvægur þáttur í innra mati er álit og viðhorf barnanna sjálfra. Dæmi um leiðir til að fá börnin til að meta skólann sinn eru t.d. fundir, samtöl, ljósmyndir og skráning.

## 2.1 Innra mat deilda

### Fagarakot

Skipulagt leikskólastarf hófst í september og því lauk í maí. Reynt var að fylgja skipulagi eftir eins vel og hægt var og gekk það vel fram að þeim takmörkunum sem grípa þurfti til vegna Covid-19. Þá breyttist skipulag og hópar á deildinni riðluðust. Starfsfólk deildarinnar á hrós skilið hvað allt gekk vel í þessum miklu breytingum. Einnig tóku börnin þessum breytingum vel og er margt sem við komum til með að meta og endurskoða í daglegu starfi leikskólans og læra af og jafnvel breyta eftir þessa fordæmalausis tíma. Samverustundir eru tvisvar á dag og þarf að efla starfsfólkið á deildinni til að hafa skipulagðar stundir. Hópastarfið hefði mátt ganga betur þetta skólaárið að því marki að við megum taka okkur á í skráningum og mati. Á deildinni tókum við fyrir eina þulu eða vísu í hverjum mánuði og gengur það vel. Þessar stundir eru orðnar eitt af uppáhalds verkefnum sem börnin taka þátt í. Börnin sýna nýjum þulum og vísum áhuga. Foreldrahópurinn á Fagarakoti er sterkur og er hann duglegur að vera með og taka þátt í starfinu okkar. Inni á deildinni ríkir mjög gott andrúmsloft á milli starfsmanna sem smitast út í barnahópinn.

Umbótaþættir á Fagarakoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hópastarf	Bæta skráningar og halda betur utanum þær	Meta verkefni eftir hvern mánuð	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við stm. fá þeirra skoðanir á deildarfundum	Útfyllt matsblöð
Samveru-stundir	Efla stm.	Skipuleggja hverja og eina samveru fyrirfram. Samveru-kassi	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Regluleg umræða á deildarfundum	Virkni starfsmanna
Vísur og þulur	Passa að allir mánuðir séu jafn teknir fyrir	Skipul. dag í samveru	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal milli stm. og í lok hvorrar annar	Áhugi og virkni barnanna
Skólahópurinn Hljóm-2	Markviss málörvun út frá þáttum innan Hljómsins	Málörvun 1x viku	Sept.-des.	Verkefnastj. elstu barna	Í janúar. Með aukinni færni þátta innan Hljómsins	Að öll elstu börnin hafi bætt sig



## Bjartakot

Á Bjartakotii eru börn á aldrinum 2-3 ára. Rými er fyrir allt að 30 börn, en við erum búin að vera 23 börn og fimm starfsmenn á deildinni auk þroskajálfa sem sinnir barni með úthlutuðum stuðning. Unnið er í litlum hópum til að auka einbeitingu og svo að starfsmenn geti sinnt hverju og einu barni betur. Börnin eru í leik, fá þjálfun í félagsfærni og gerðar eru kröfur til þeirra hvað varðar málnotkun og sjálfsbjörg. Hópastarf er tvisvar í viku sem hefst í september og er fram í maí, þá er börnunum skipt niður í fjóra hópa eftir aldri. Megin markmið hópastarfs er fræðsla og sköpun sem skiptist niður í fyrirfram ákveðin þemu. Farið er í TRAS-vinnustundir einu sinni í viku. TRAS er fyrir börn frá 2,3 ára aldri. Þetta eru skipulagðar málörvunarstundir þar sem sótt eru verkefni í smiðju okkar þar sem öll verkefni eru útfærð eftir aldri og megininntaki þess sem verið er að vinna með hverju sinni innan málþroskans. Hreyfistundir eru í salnum okkar einu sinni í viku, þar er farið í skipulagða hreyfileiki, slökun og einnig gefst kostur á að fara í leiki þar sem hopp, hlaup, hróp og köll eru leyfð.

Umbótaþættir á Bjartakoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hópastarf	Bæta skráningar	Meta verkefni eftir hvern mánuð	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við stm. fá þeirra skoðanir á deildarfundum	Útfyllt matsblöð
TRAS	Efla stm. til þátttöku	Halda okkur við efnið	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samantekt skráninga. Samtal við stm. og fá skoðanir þeirra fram á deildarfundum	Viðmið á TRAS skráningarblöðum
Vísur og þulur	Passa að allir mánuðir séu teknir jafnt fyrir	Byrja alltaf fyrsta dag hvers mánaðar	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal á deildarfundum. Fá fram skoðanir stm. á deildarfundum	Áhugi og þátttaka barnanna





## Sunnukot

Leikskólastarfið gekk vel á Sunnukoti þetta skólaár.

Stöðvavinnu erum við með tvisvar sinnum í viku. Þá eru fjórar stöðvar í boði og börnin fá að velja hvað þau vilja gera hverju sinni. Deildin er fyrir börn á aldrinum 1-2 ára og við mætum þeim á lýðræðislegan máta með því að þau fái að velja sér svæði frjálst og óhindrað. Við skipuleggjum stöðvarnar þannig að á tveim þeirra er boðið upp á fínhyfiverkefni og á hinum stöðvunum er annað leikefni sem notað er á gólfinu.

Lubbastundir eru tvisvar sinnum í viku hjá okkur og gengu þær betur þetta skólaárið frá því sem áður hefur verið, en óöryggi starfsfólks var það sem hamlaði okkur. Þetta skólaárið kom inn til okkar fagstjóri leikskólans og aðstoðaði okkur við að öðlast það öryggi sem okkur skorti til þessar stundir yrðu góðar og markvissari.

Puluverkefnið okkar gekk mjög vel og er það hluti af samverustundum, börnum og starfsfólki til mikillar ánægju.

Við höfum ákveðið að halda inni matsþáttum frá því í fyrra með það að markmiði að gera enn betur .

Umbótaþættir á Sunnukoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lubbastundir	Efla stm. til þátttöku og fylgja því eftir	Hugmyndabanki sem hægt er að glugga í	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við stm. fá þeirra skoðanir á Deildarfundum	Ánægja, þátttaka og virkni barnanna og starfs-fólks
Vísur og þulur	Að börnin þekki og læri vísur og þulur	Byrja alltaf 1. dag hvers mánaðar. Tekið fyrir í samverustundum	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal á deildarfundum	Áhugi og þátttaka barnanna
Stöðvavinna með ungum börnum	Gera mat markvissara	Markvissari skráningar	Sept.-des. Jan.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Matsblöð. Deildarstjóri tekur saman	Samantekt á matsblöðum eftir hvora önn



## Sælukot

Leikskólastarfið gekk vel á Sælukoti þetta skólaár. Við byrjuðum í haust með aðlögun. Elstu börnin fluttust yfir á næstu deild og ný komu inn. Aðlaganir gengu vel fyrir sig.

Á Sælukoti var að venju skipulagt hópastarf, 4-5 börn í hóp undir handleiðslu hópstjóra. Hópastarfið er tvisvar í viku og vinna hóparnir eftir fyrirfram ákveðnu þema. Að hausti er unnið með náttúruna svo tekur við jólapema, á nýju ári er unnið með gamla tímann og frá mars eru það páskarnir og vorið sem tekur við.

Starfið í skólanum gengur ákaflega vel. Börnin eru mjög dugleg að fylgjast með og fara eftir fyrirmælum hópstjóra. Það er búið að vera einstaklega gaman.

Á miðvikudögum erum við með stöðvavinnu þar sem við skiptum í þrjár stöðvar með mismunandi verkefni sem börnin geta valið sjálf um, eftir því sem þeim líkar. Stöðvarnar hjálpa börnunum að þroska sjálfstæði sitt og byggja upp traust til kennaranna og hin börnin og efla sjálfstraust þeirra.

Við erum með stóran íþróttasal þar sem við þjálfum börnin í grófhreyfingum á hverjum mánudegi. Þau hafa mikið rými til að hlaupa og æfa sig að fara upp tröppur, rimla og eftir æfingabrautum sem starfsmenn setja upp. Að sjálfsögðu förum við líka út á hverjum einasta degi ef veður leyfir. Börnin eru alltaf mjög dugleg úti, ganga um og skoða svæðið, fara í sandkassana, renna sér og leika í rólunum.

Við erum með samverustund á hverjum degi þar sem við syngjum, lesum, tölum saman og höldum Lubbastund, förum með vísur og líka þulur. Þetta hefur gengið sérstaklega vel. Börnin eru mjög spennt fyrir þessum samverum og taka virkan þátt eins og aldur og þroski segir til um.

Svo er það auðvitað COVID-19 og samkomubannstíminn. Það gekk allt alveg á besta máta á þessum erfiða tíma. Bæði samskipti við foreldrana og börnin og milli starfsfólks. Þann 16. mars þegar samkomubannið skall á var börnunum skipti í tvo hópa. Hóparnir mættu annan hvern dag. Það var því óvenju rólegt hjá okkur og allir virkir í að hreinsa og sótthreinsa af krafti.

Þetta skólaár hefur verið mjög gott. Samstarfið við foreldra hefur gengið einstaklega vel og þeir hafa verið mjög virkir í að taka þátt og vinna með okkur. Það sést á ánægðum börnum og góðum anda í skólanum.



Umbótaþættir á Sælukoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lubbastundir	Bæta skráningar til að mat verði markvissara	Útbúa matsblað	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við starfsfólk. Fá þeirra skoðanir fram	Ánægja, þátttaka og virkni barnanna
Vísur og þulur	Að börnin þekki og læri vísur og þulur	Festa þulur og vísur 1x í viku í samveru-stundum	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal á deildarfundum	Áhugi og þátttaka barnanna
Stöðvavinna með ungum börnum	Gera mat markvissara	Markvissari skráningar	Sept.-des. Jan.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Matsblöð. Deildarstjóri tekur saman	Samantekt á matsblöðum eftir hvora önn



## Stórákoti

Skipulagt leikskólastarf hófst í september og því lauk í maí. Reynt var að fylgja skipulagi eftir eins vel og hægt var og gekk það vel. TRAS-stundirnar gengu vel, náðum að hafa stund 1x í viku með hvern hóp.

Hópastarf gekk einnig vel og náðist yfirleitt að hafa það 1x í viku. Sama gildi um lýðræðisstundir en þetta er í fyrsta sinn sem þær hafa verið framkvæmdar á Stórákoti. Megum bæta okkur í skráningum og mati á hópastarfi.

Á deildinni tókum við fyrir eina þulu eða vísu í hverjum mánuði og gengur það vel. Börnin eru mjög áhugasöm og þátttaka er til fyrirmyndar.

Starf gekk almennt vel áður en Covid-19 kom, en eftir takmarkanir á skólastarfi riðlaðist allt fyrirfram skipulagt starf.

Foreldrasamstarf gekk vel. Inni á deildinni ríkir gott andrúmsloft á milli starfsmanna og barna.

Umbótaþættir á Stórákoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hópastarf	Bæta skráningar og halda vel utan um þær	Meta verkefni eftir hvern mánuð	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við starfsfólk. Fá þeirra skoðanir fram	Útfyllt matsblöð
Vísur og þulur	Passa upp á að allir mánuðir séu jafn teknir fyrir	Festa inni í samveru-stundum	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal milli starfsfólks í lok hvortann annar	Áhugi og virkni barnanna
TRAS vinnustundir	Bæta skráningar	Hvetja starfsfólk til markvissari skráninga	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samantekt skráninga á deildarfundum	Viðmið á TRAS skráningar-blöðum
Skólahópurinn Hljóm-2	Markviss málörvun út frá þáttum innan Hljómsins	Málörvun 1x viku	Sept.-des.	Áb. Deildarstjóri og verkefnastjóri elstu barna	Í janúar. Með aukinni færni þátta innan Hljómsins	Að öll elstu börnin hafi bætt sig



## Krakkakot

Krakkakot er 20-25 barna deild og á henni eru elstu börnin á fjórða ári en yngstu tveggja ára. Börnin eru í skipulögðum leik, fá þjálfun í félagsfærni og gerðar eru kröfur til þeirra hvað varðar mál og sjálfsbjörg.

Á Krakkakoti er skipulagt hópastarf. Í hópunum eru 6-7 börn, einn starfsmaður fylgir svo hverjum hóp. Það sama má segja um TRAS-vinnustundir og útiveru. Þessi hópaskipting auðveldar yfirsýn starfsmanna og eykur öryggistilfinningu barnanna. Börnunum er skipt í hópa eftir aldri og þroska.

Í hópastarfi er unnið með alls kyns þemu á margs konar hátt, til dæmis: Ég og leikskólinn, fjölskyldan mín, líkaminn minn og skynfærin, mataræði, hreyfing, heilsa og fleira. Öll börn fara einu sinni í viku í hópastarf, einu sinni í viku í TRAS-vinnustund og fjórum sinnum í viku í útiveru. Einnig voru lýðræðisstundir einu sinni í viku en þær voru fyrst prófaðar veturinn 2018-2019 og gekk vel að halda þeim.

Umbótaþættir á Krakkakoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Hópastarf	Bæta skráningar og halda betur utan um þær	Meta verkefni eftir hvern mánuð	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við stm. fá fram þeirra skoðanir á fundum	Viðmið á útfylltum TRAS skráningar-blöðum
TRAS	Efla sjálfstæði stm.	Halda okkur vel við efnið	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samantekt skráninga á deildarfundum	Viðmið á TRAS skráningarblöðum
Vísur og þulur	Virkja læsisstefnu enn frekar og vekja ath. á henni	Festa á ákv. degi þulur og vísur í samveru	Sept.-maí	Áb. Deildarstj. Frkv. allir stm.	Fundur í lok skólaárs	Samtal við börnin og ígrunda virkni þeirra og þátttöku



## Stubbakot

Þar sem lagður er metnaður í val í starfsmannahóp leikskólans og hann ekki fullmannaður í upphafi síðasta skólaárs var tekin sú ákörðun að loka þessari deild tímabundið, eða þar til ráðningum var lokið. Þessi ákvörðun gerði það að verkum að leikskólinn sem heild fann ekki fyrir undirmönnun.

Börnum deildarinnar er skipt í þrjá hópa, eftir aldri og þroska og eru 4-5 börn í hverjum hóp. Hverjum hópi fylgir einn starfsmaður sem er hópstjóri. Börnin borða hádegismat og síðdegishressingu, fara í útiveru og skipulagt hópastarf í hópunum sínum. Þessi hópaskipting auðveldar yfirsýn starfsmanna og eykur öryggistilfinningu barnanna. Öll börn fara þrisvar í viku í hópastarf, einu sinni í viku í Lubbastund, einu sinni í viku í fínhreyfiverkefni og einu sinni í viku er lögð áhersla á grófhreyfingar. Í Lubbastundum fer fram málörvun. Lubbi er hundabangi sem er mikill vinur barnanna. Allar Lubbastundir byrja á knúsi frá Lubba fyrir hvert barn. Við hlustum á eitt málhljóð í 2-4 vikur og vinnum með það. Í lok annar er svo tekin upprifjun með öllum hljóðunum.

Þegar við þjálfum fínhreyfingar er margt sem við notum til þess að hjálpa okkur. Við t.d. púslum, málum, pinnum og fleira sem felur í sér að nota hendurnar. Þegar við þjálfum okkur í grófhreyfingunum þá notum við allan líkamann. Við gerum stórar hreyfingar og þær þjálfum við t.d. í útiveru, boltaleik, með hoppum og fl.

Þar sem deildin var ekki starfandi allt skólaárið höfum við ákveðið að halda inni þeim umbótaþáttum sem voru gefnir út í fyrra.

Umbótaþættir á Stubbakoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lubbastundir	Nota hljóða-kassana meira	Bæta hljóða-kössunum inn í skipulagið	Sept.-maí	Áb. d.stj. Frkv. allir stm. Vinna með kassana	Samtal við stm. fá þeirra skoðanir á deildarfundum	Ánægja, þátttaka og virkni barnanna
Vísur og þulur	Að börnin þekki og læri vísur og þulur	Byrja alltaf 1. dag hvers mánaðar	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal á deildarfundum	Áhugi og þátttaka barnanna
Stöðvavinna með ungum börnum	Festa stöðvavinnu í skipulagi	Skipuleggja betur. Fylgja því eftir	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Matsblöð. Deildarstjóri tekur saman	Samantekt á matsblöðum eftir hvora önn



## Krílakot

Krílakot er 20 barna deild og á henni eru 12 mánaða til 2 ára börn. Börnunum á deildinni er skipt í 4 hópa eftir aldri og þroska. 5 börn eru í hverjum hóp. Hverjum hópi fylgir svo einn starfmaður sem er hópstjóri. Börnin borða hádegismat og síðdegishressingu á deildinni, fara í útiveru og skipulagt hópastarf með sínum hóp. Það að vinna með börnin í fámennum hópum eykur yfirsýn starfsmanna og öryggistilfinningu barnanna.

Hópastarfið er skipt á fjóra vegu og fer hver hópur einu sinni í viku í Lubbastund, dúkkukot og í fín- og grófhreyfipjálfun. Í Lubbastundum fer fram málörvun. Lubbi er hundabangsi sem er mikill vinur barnanna. Allar Lubbastundir byrja á knúsi frá Lubba fyrir hvert barn. Við hlustum á eitt málhljóð í 2-4 vikur og vinnum með það. Í lok annar er svo tekin upprifjun með öllum hljóðunum. Dúkkukot er herbergi inn af Krakkakoti. Þar geta börnin leikið sér með dúkkur og eldhúsdót. Þangað fara allir hópar vikulega með sínum hópstjóra. Þegar við eflum hreyfiproska barnanna gerum við það með stundum sem við skiptum í fínhreyfingar annars vegar og grófhreyfingar hins vegar. Í fínhreyfipjálfun er margt sem við notum til þess að hjálpa okkur. Við t.d. púslum, málum, pinnum og fleira sem felur í sér að nota hendurnar okkar. Þegar við þjálfum okkur í grófhreyfingunum þá notum við allan líkamann. Við gerum stórar hreyfingar og þær þjálfum við t.d. í útiveru, boltaleik, með hoppum og fl.

Umbótaþættir á Krílakoti	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Lubbastundir	Bæta skráningar til að framkvæma mat	Útbúa matsblað	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við stm. fá þeirra skoðanir á Deildarfundum. Ánægja, þátttaka og virkni barnanna	Að auðvelda samantekt og mat
Vísur og þulur	Að börnin þekki og læri vísur og þulur. Vera dulgegrir að fara yfir í samverust.	Byrja alltaf 1. dag hvers mánaðar	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Samtal við starfsfólk um hvernig gangi að fylgja eftir. Á deildarfundum	Áhugi og þátttaka barnanna
Stöðvavinna með ungum börnum	Skráningar / matsblöð	Nýta skráningar-blöðin	Sept.-maí	Áb. deildarstj. Frkv. allir stm.	Fara yfir matsblöð í lok hverrar annar	Samantekt á matsblöðum. Samtal við stm.



## 2.2 Ytra mat

Ekki var framkvæmt ytra mat á leikskólastarfinu á vegum Skóla- og frístundasvið Reykjavíkurborgar, Mennta- og menningarmálaráðuneytinu eða annarra aðila á síðasta skólaári.

## 2.3 Matsáætlun/umbótaáætlun

Matsáætlun þessi byggir meðal annars á niðurstöðum foreldrakönnunar sem Skóla- og frístundasvið sendi út á vormánuðum 2019. Í ljósi þess hve seint leikskólanum bárust niðurstöður ytra mats þ.e.a.s. úr foreldrakönnuninni, voru ekki settir inn þættir til umbóta í síðustu starfsáætlun. Það skal þó tekið fram að rýni og vinna að umbótum fór fram á liðnu skólaári með tilliti til niðurstaðna foreldrakönnunarinnar.

Áframhaldandi vinna að umbótum í leikskólastarfinu fer fram skólaárið 2020-2021. Umbótaþættina má sjá í töflunni hér að neðan.

Umbótaþættir í leikskólastarfinu	Markmið með umbótum	Aðgerðir til umbóta	Tíma-áætlun	Ábyrgð og framkvæmd	Endurmat; hvenær og hvernig	Viðmið um árangur
Vinna með stefnu og markmið leikskólans	Gera stefnu og markmið leikskólans skýrari og sýnilegri	Allir kynna sér skólanámskrá og starfsáætlun. Með nýrri og bættri heimasíðu.	Sept.-maí	Áb. Stjórnendateymi Frkv. Deildarstj.	Samtal við deildarstjóra á fundum	Niðust. næstu foreldra-könnunar
Notalegt og vingjarnlegt andrúmsloft	Að allir sem koma í leikskólann upplifi sig velkomna	Kurteisi og virðing. Hlýlegt, snyrtilegt og hreint umhverfi	Sept.-okt	Áb. Stjórnendateymi Frkv. allir stm.	Samtöl við þá sem hér eru m.a. í foreldra-samtölum	Viðmót og ígrundun. Niðurst. næstu foreldra-könnunar
Áætlun um snemmtæka íhlutun	Að til sé markviss áætlun	Útbúa áætlun	Sept.-des.	Áb. stjórnendur	Um áramót. Að áætlun sé til	Að áætlun sé virk



### 3 Áherslur í starfi leikskólans

#### Lífsgildin

Rauði þráðurinn í starfi leikskólans er Lífsgildablómið í Korpukoti og Lífsgildatréð í Fossakoti. Útfærslan í Korpukoti er blóm með fimm krónublöð og hefur hvert krónublað að geyma eitt lífsgildi. Í Fossakoti er útfærslan Lífsgildatré, þar sem lauf þess geyma lífsgildin. Þetta eru *vinátta*, *virðing*, *hjálpsemi*, *kurteisi* og *samkennd*. Hvert lífsgildi ræktum við með okkur tvo mánuði í senn. Á því tímabili sem hvert lífsgildi er tekið fyrir er krónublaði/laufi snúið við og í ljós kemur hvaða lífsgildi verður lögð höfuðáhersla á, á því tímabili. Laufblað við hlið blómsins/trésins vísar á það lífsgildi sem við æfum okkur í hverju sinni. Í lok skólaárs eru öll krónublöðin/laufin þakin lífsgildum sem hlúa þarf vel að til að blómið vaxi og dafni, eins og við viljum að börnin geri. Nýtt lífsgildi er afhjúpað í sameiginlegri söngstund og innleidd eru lög í barnahópinn sem innihalda þau hugtök sem við vinnum með hverju sinni.

Við leggjum áherslu á lífsgildin markvisst með börnum leikskólans í samverustundum þar sem börnin geta tjáð sig og sínar skoðanir um hvað hvert lífsgildi felur í sér. Einnig rúmast lífsgildin innan allra námssviða, tækifærin eru allstaðar. Á ungarnadeildum eru lífsgildin lögð inn í daglegum samskiptum eins og aldursvarandi þroski og geta leyfir. Eftir því sem börnin þroskast yfirfæra þau þekkingu sína og hugtakaskilning lífsgildablómsins/lífsgildatrésins í félagsleg samskipti sín á milli og almennt.

#### Skilvirkt málstarf

Rík áhersla er lögð á málstarf á öllum deildum leikskólans og er unnið að því að dýpka orðaforða og skilning barnanna í daglegu starfi með markvissum leiðum málörvunar, bókalestri, vísunum, þulum, söng og leik.

Um leið og barn hefur leikskólagöngu sína er unnið með kennsluefnið „*Lubbi finnur málbein*“ í skipulögðum Lubbastundum sem fara fram einu sinni í viku. Í þeim syngja börnin um málhljóðin með Lubba, en hver deild hefur til umráða sinn eigin Lubba-bangsa sem nýttur er í þessum stundum. Í bókinni um Lubba er hvert hljóð táknað með litlum og stórum bókstaf. Unnið er með hljóðin í þrívídd þ.e. sjónskyn, heyrnaskyn og hreyfi- og snertiskyn. Með því er verið að æfa börnin í að tileinka sér íslensku málhljóðin og brúa bilið milli stafs og hljóðs sem að lokum kemur börnum á sporið í lestri og ritun. Lubbaefnið gefur færi á ótal skemmtilegum og fjölbreyttum leikjum sem ýta undir hljóðánám, stafa-hljóðaþekkingu, hljóðavitund og fleiri undirstöðupætti fyrir lestrarnám.



Á eldri deildum leikskólans er unnið með málþroskann í víðari skilningi og er þá félagsþroskinn eflður um leið. Leikskólinn vinnur með skráningarlistann *TRAS* og út frá honum hefur verið skipulagt málstarf þar sem unnið er með framburð, orðaforða, setningamyndun, athygli, einbeitingu, samleik, félagsfærni, málskilning og málvitund. Öll börn fara í svokallaðar *TRAS* – vinnustundir einu sinni í viku þar sem þau fá þjálfun í þessum þáttum í gegnum leik og spil. Eftir að henni lýkur skráir starfsmaður þroskaframfarir allra barnanna. Þannig eru gerða skráningar á öllum börnum einu sinni í viku. Í daglegu starfi leikskólans er einnig mikil áhersla lögð á málörvun í söng- og samverustundum, með bókalestri og samtölum. Orð eru settar á allar athafnir og eiga starfsmenn samtöl við börnin allan daginn þar sem börnin eru hvött til að nota orð í stað bendinga. Að auki hefur leikskólinn reynt að gera ritmálið sýnilegt öllum börnum.

Síðasta árið á þessu fyrsta skólastigi er *HLJÓM 2* lagt fyrir börnin. Skimunin er í leikjaformi orða og hljóða og byggist á sjö mismunandi verkefnum sem lögð eru fyrir elsta árgang barna í leikskólanum í byrjum hauststarfs. Leikirnir sem lagðir eru fyrir tengjast rími, samstöfum, samsettum orðum, hljóðgreiningu, margræðum orðum, orðhlutaeyðingu og hljóðtengingu.

Með því að hlúa að og vinna vel að því að örva og efla málþroska barnanna og fylgjast markvisst með framvindu hans, er hægt að beita snemmtækri íhlutun til að bregðast við og /eða fyrirbyggja erfiðleika í þroska og námi.

## Vináttuverkefnið Blær

Á komandi skólaári munu Fossakot og Korpukot taka inn í starfið sitt Vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ. Undirbúningurinn hefur þegar farið fram á líðandi önn, meðal annars með kynningu, námskeiðum á vegum Barnaheilla og vettvangsheimsóknum. Unnið hefur verið að skipulagi verkefnisins og hvernig það mun fléttast í starf okkar og hefur það verið kynnt öllu starfsfólki. Við hlökkum til að takast á við þetta spennandi verkefni í haust og hafa foreldrafélögin ákveðið að veita því fjárstyrkingu með því að kaupa litla Blæ-bangsa fyrir hvert og eitt barn.



## 4 Áherslur í starfsáætlun Leikskólasviðs sem leikskólinn vinnur með

Í starfsáætlun skóla- og frístundsviðs (SFS) 2016 var lögð áhersla á fjóra umbótaþætti á starfsárinu. Í þessum kafla er gerð grein fyrir hvernig leikskólarnir Fossakot og Korpukot hyggjast vinna að þessum umbótaþáttum. Þess ber að geta að við höfum unnið að þessum þáttum síðastliðið skólaár en okkur þykja þetta mikilvægir þættir og ætlum því að hafa þá aftur í starfsáætlun okkar fyrir komandi skólaár.

### 4.1 Málþroski, læstrarfærni og lesskilningur

Tungumálið er mikilvægt tæki til boðskipta og skiptir miklu máli fyrir hvern þann sem er hluti af samfélagi. Með tungumálinu tjáum við hugsanir, tilfinningar og fleira. Starfsfólk leikskólans leitast við að leggja góðan grunn í öllum samskiptum og vera börnunum góð fyrirmynd. Orð eru lögð á athafnir, við nefnum heiti hluta og atburða sem koma fyrir í daglegu samskiptum við börnin, þ.e.a.s. óbein kennsla í orðaforða og framburði er í öllu okkar námi og vinnu. Við störfum einnig eftir læsisstefnu Fossakots og Korpukots.

→ Áherslur Fossa- og Korpukots til umbóta

Allt okkar málstarf er í sífelldu endurmati og þróun. Á skólaárinu verður sjálfstæði og öryggi starfsfólks elft og verður sú vinna leidd af fagstjóra leikskólans. Börnin skiptast á að vera bókaormar og koma þá með bók að heiman sem er lesin í samverustundum og stefnt er að reglubundnum heimsóknum í bókasafnið í hverfinu. Þá eru bækur alltaf hafðar í seilingarfjarlægð fyrir börnin og geta þau ef þau vilja sótt sér bók og átt rólega stund í leskrók á deild. Börnin vita að þau geta alltaf farið úr aðstæðum sem þau ráða ekki við og lesið í rólegheitum óáreitt. Einnig hefur sú hugmynd komið upp að koma af stað einhverskonar lestrarátaki í samvinnu við heimilin.

- Markmið

Að efla málþroska og læsi. Efla sjálfstæði starfsfólks í TRAS - vinnustundum

- Ábyrgðaraðili

Stjórnendateymi

- Hvernig og hvenær verður árangur metinn?

TRAS skráningar skoðaðar á hvorri önn

### 4.2 Verk-, tækni- og listnám

Við styðjum við skapandi hugsun með því að færa börnunum opinn efnivið til að vinna með. Börnin fá nokkuð frjálsar hendur við list- og verksköpun og teljum við okkur vera að ýta undir vegferð



verkefnisins með því að leyfa börnunum sjálfum að þróa vinnu sína og þar með ýtum við undir vísindalega hugsun þeirra. Börnin vinna verkefnin sjálf frá upphafi til enda og læra því um leið og þau gera, þ.e. nám í verki. Á hvorri önn er svokölluð listavika, en þá er unnið að ýmiskonar list, verk og tækni. Börnin vinna í hópum og fara á milli svæða. Þá er í leikskólanum hópastarf þar sem nýtt þema er í hverjum mánuði og unnið er með þau á margskonar hátt í formi verk-, tækni- og listnáms.

→ Áherslur Fossa- og Korpukots til umbóta

Að styðja við skapandi hugsun, gefa börnunum frjálsar hendur til list- og verksköpunar og vinna með opinn efnivið. Hafa svokallaða listaviku einu sinni á hvorri önn.

- Markmið

Nýta fjölbreyttar leiðir til að vekja áhuga barnanna á verk-, tækni- og listgreinum. Hvetja starfsfólk til fjölbreytni í verkefnavali

- Ábyrgðaraðili

Deildarstjórar.

- Hvernig og hvenær verður árangur metinn?

Símat. Á deildarfundum.

### 4.3 Lýðræði, jafnrétti, mannréttindi

Í Fossakoti og Korpukoti er lögð áhersla á að kenna börnum hvað hugtakið lýðræði þýðir og lýðræðisleg vinnubrögð. Vinátta og samvinna barna stuðlar að hæfni þeirra til að taka lýðræðislegar ákvarðanir. Börnin eru hvött til að segja sínar skoðanir og hafa áhrif á starfið í leikskólanum sínum. Annan hvern mánuð yfir skólaárið er haldin kosning á meðal barnanna um hvaða þemadag skal hafa næst. Kennarar eru meðvitaðir um innihald Barnasáttmálans og réttindi barna og unnið er sérstaklega með þann þátt. Í daglegu starfi er einnig í lögð áhersla á að börnin beri virðingu og umhyggju fyrir sér og öðrum, þrói með sér umburðarlyndi, samkennd, hjálpssemi og tillitsemi. Börnin eru þannig hvött til að setja sig í spor annarra og sjá aðstæður frá öðru sjónarhorni. Við fléttum Lífsgildin okkar inn í þessa vinnu. Kennarar skólans starfa eftir jafnréttisáætlun Fossakots og Korpukots.

→ Áherslur Fossa- og Korpukots til umbóta

Markviss vinna með Barnasáttmálann hjá elstu börnum leikskólans. Stöðvavinna hjá yngstu börnunum.

- Markmið

Að starfshættir skólans séu mótaðir af jafnrétti og lýðræðislegu starfi. Að börn og starfsfólk beri virðingu fyrir náunganum.

- Ábyrgðaraðili



Umsjónarmaður elstu barna auk deildarstjóra deildanna.

- Hvernig og hvenær verður árangur metinn?

Símat. Samtal við börnin.

#### 4.4 Fjölménning

Við leggjum áherslu á að börnin kynnist smám saman því samfélagi og menningu sem þau lifa í og um leið ólíkum fjölskyldugerðum og menningarheimum. Í forstofu leikskólans eru börnum og foreldrum þeirra sýnilegt ritmál á þeirra eigin tungumáli þar sem þeim er boðið góðan daginn ásamt þjóðfána þeirra. Við teljum að með þessu upplifi viðkomandi fjölskylda að hún sé velkomin í leikskólann. Við höldum upp á þjóðhátíðardaga barnanna og þau koma með hluti að heiman til að sýna og kynna fyrir börnunum á deildinni. Einu sinni á ári er fjölménningarvika þar sem unnið er með hinar ýmsu þjóðir; venjur þeirra, klæðnað og atvinnuvegi. Börnin fá að kynnast öðrum menningarheimum með bókum, myndum, myndböndum og almennum fróðleik. Leikskólinn er stuðningsaðili fyrir tvö börn frá Úganda í Afríku. Þannig veitum við þeim aðstoð í formi menntunar og fáum um leið innsýn í líf þeirra og lifnaðarhætti.

→ Áherslur Fossa- og Korpukots til umbóta

Hafa þjóðfána allra sem eru við leik og störf í leikskólanum sýnilega. Fjölménningarvika þar sem unnið er sérstaklega með þau lönd/þjóðir sem við komum frá. Halda upp á þjóðhátíðardag þeirra barna sem eru af öðru þjóðerni. Halda vel utan um þau börn sem hafa íslensku sem annað mál með íhlutun málörvunar.

- Markmið

Að eflast í fjölménningarlegri hugsun til að koma á móts við þarfir allra í leikskólanum.

- Ábyrgðaraðili

Stjórnendateymi.

- Hvernig og hvenær verður árangur metinn?

Á fundi með deildarstjórum og starfsmannafundi.



## 5 Starfsmannamál, starfsþróunarsamtöl og fræðsla

### 5.1 Starfsmannahópurinn 1. júní 2020

#### Fossakot

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leiðbeinandi	12	821,5%	Stúdentspróf
Leiðbeinandi	0	0%	Eflingarnámskeið
Leiðbeinandi	6	572,5%	Engin Eflingarnámskeið
Leikskólakennari	1	50%	B.Ed og meistaranemi
Grunnskólakennari	1	100%	B.Ed.
Þroskaþjálfari	1	100%	B.A.
Matráður	1	100%	---
Deildarstjóri elstu barna	1	80%	B.A. Uppeldis- og menntunarfræði
Fæðingarorlof	2	200%	Engin Eflingarnámskeið / Stúdent

#### Korpukot

Starfsheiti	Fjöldi	Starfshlutfall	Menntun
Leiðbeinandi	6	600%	Stúdentspróf
Leiðbeinandi	2	175%	Eflingarnámskeið
Leiðbeinandi	9	875,25%	Engin Eflingarnámskeið
Leikskólaliði	1	91%	Leikskólabrú
Leiðbeinandi – nemi	1	100%	B.S. nemi
Aðst. Leikskólakennari	1	82,5	Diploma - HÍ
Leikskólakennari	2	150%	B.Ed
Grunnskólakennari	1	100%	B.Ed. + B.A. próf
Þroskaþjálfari	1	75%	B.A. próf
Matráður	1	100%	Matsveinn MK
Fæðingarorlof	2	200%	B.A. próf HÍ / Félagsliði – Borgarholtsskóli

## Starfsþróunarsamtöl

Í skipulagi skólans er starfsfólki boðið í samtal við leikskólastjóra og aðstoðarleikskólastjóra í mars/apríl ár hvert. Í ljósi aðstæðna á þeim tíma í samfélaginu og heiminum öllum var ekki boðið upp á þessi skipulögðu samtöl þetta skólaárið, en starfsfólk hefur ávallt mikinn og nánast ótakmarkaðan aðgang að stjórnendum til að ræða málefni sem brenna á hverjum og einum, eða jafnvel einungis að koma aðeins við á skrifstofunni til að spjalla.

Það er stefna okkar að annað hvert ár verði sá háttur hafður á að deildarstjórar fái sitt fólk í starfsþróunarsamtal og leikskólastjóri og aðstoðarleikskólastjóri eigi samtal við deildarstjóra og annað starfsfólk utan deilda.

## 5.2 Fræðsla

Endurmenntun og fræðsla er sjálfsögð og allt starfsfólk er hvatt til að sækja sér hana. Allir leggjast á eitt um að gera samstarfsfólki sínu kleift að sækja sér nýja þekkingu. Leikskólinn uppfyllti símenntunaráætlun frá fyrra skólaári.

- *Áhrifarík samskipti*. Dr. Sigríður Þormars. 13. september 2019. Allt starfsfólk.
- *Lubbi finnur málbeinið*. 3. október. Deildarstjórar yngri deilda.
- *Námskeið um málþroskaröskun*. Trappa, 4. nóvember. Fagstjóri.
- *Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær (eldri börn)*. 14. nóvember. Barnaheill. Þroskaþjálfari.
- *Vinátta – Blær*. Kynning á verkefninu frá Barnaheillum. 10. janúar. Allt starfsfólk.
- *Lærdómssamfélag MML*. Janúar-febrúar. 2020. Miðja máls og læsis. Fagstjóri.

Eftirfarandi símenntum hefur nú þegar verið skipulögð og stefnt er að:


- Skyndihjálpi ungra barna. Slysavarnahúsið, Herdís Storgaard. Allt starfsfólk.
- *Vináttuverkefni Barnaheilla – Blær (yngri börn)*. Barnaheill. Þroskaþjálfari og fagstjóri.
- Smábarnalistinn. Fagstjóri
- TRAS-réttindi. Endurmenntun HÍ. Þroskaþjálfari
- TRAS, markvissar aðgerðir. Endurmenntun HÍ. Fagstjóri
- *PMTO (parent Management Training Oregon)*. Reykjavíkurborg, velferðarsvið og skóla- og frístundasvið. Fagstjóri og þroskaþjálfari.



## 6 Aðrar upplýsingar


### Fossakot

1. júní eru 67 börn í vistun. Leikskólinn rúmar 80 börn í heildina. Verið er að vinna í að vista inn í laus pláss fyrir komandi skólaár. Súluritið hér að neðan gefur glögga mynd af aldursdreifingu barnanna.



- Kynjahlutfall

Nokkuð jafnvægi er á kynjahlutfalli, eða 34 drengir á móti 33 stúlkum.





- Dvalarstundir

Heildardvalarstundir í Fossakoti 1. júní 2020 eru nú 560 klst.

- Fjöldi barna sem nutu stuðnings

Eins og staðan er 1. júní 2020 er ekkert barn í leikskólanum sem nýtur stuðnings undir leiðsögn sérkennara.

- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku

Það eru 2 börn í leikskólanum þar sem annað eða báðir foreldrar eru af erlendum uppruna.


- Fjöldi tungumála

Fjöldi þeirra tungumála sem notuð eru á heimilum barna í Fossakoti er eitt auk íslensku. Það er enska.




## Korpukot

1. júní eru 89 börn í vistun. Breyting verður á barnahópnum með haustinu þar sem 10 börn fædd árið 2014 fara yfir á næsta skólastig. Leikskólinn rúmar 100 börn samtímis og er í vinnslu að fullvista inn í öll þau pláss þegar nýtt skólaár hefst. Súluritið hér að neðan gefur glögga mynd af aldursdreifingu barnanna.



- Kynjahlutfall

Drengir eru fleiri en stúlkur, eða 48 drengir á móti 41 stúlkum.



- Dvalarstundir

Heildardvalarstundir í Korpukoti 1. júní 2020 eru nú 732 klst.

- Fjöldi barna sem nutu stuðnings

1. júní 2020 eru tvö börn í leikskólanum sem njóta stuðnings í 1. og 2 flokki undir leiðsögn sérkennara.

- Fjöldi barna með annað móðurmál en íslensku

Það eru 6 börn í leikskólanum þar sem annað eða báðir foreldrar eru af erlendum uppruna.

- Fjöldi tungumála

Fjöldi þeirra tungumála sem notuð eru á heimilum barna í Korpukoti eru þrjú auk íslensku. Það eru enska, tyrkneska og litháíska.

## 7 Samstarf leikskóla, grunnskóla og frístundamiðstöðva

Vegna staðsetningar leikskólans og búsetu barnanna hefur ekki verið skipulagt samstarf við grunnskóla. Stefnt er að því að hefja samstarf við grunnskólana og fylgjast að í heimsóknir með leikskólum hverfisins.

Við boðum til skilafundar þegar barn hefur notið sérkennslu, einnig ef þess er sérstaklega óskað. Leikskólastjóri eða sérkennslustjóri sendir með leyfi foreldra/forráðamanna greinargóðar upplýsingar og önnur gögn sem talin eru nauðsynleg vegna fyrirhugaðrar skólagöngu barns til viðkomandi grunnskóla í maí/júní ár hvert.

Afrit af forsiðu HLJÓM-2 fylgir hverju barni yfir á næsta skólastig.

## 8 Foreldrasamvinna

### 8.1 Foreldrafundir

Kynningarfundur foreldra nýrra barna er haldinn í maí/júní ár hvert og nú síðast 26. júní. Markmið fundarins er að hefja samstarf milli heimilis og leikskóla, leggja grunn að gagnkvæmum kynnum ásamt því að miðla helstu upplýsingum um starf okkar hér í leikskólanum, ferli aðlögunar og spurningum frá foreldrum svarað.



Að hausti er almennur foreldrafundur þar sem vetrarstarfið er kynnt. Þar kynna deildarstjórar starf hvernar deildar fyrir sig auk þess að megináhersluatriði leikskólans eru gerð góð skil. Í maí ár hvert er upplýsingafundur fyrir foreldra þeirra barna sem flytjast yfir á aðra deild. Í ár var þessum fundi frestað um mánuð.

## 8.2 Foreldrasamtöl

Almennt eru foreldrar boðaðir í samtöl við deildarstjóra apríl. Með grun í farteskinu að raskanir á skólastarfi gætu orðið að veruleika brugðum við á það ráð að flýta samtölunum og skipulögðum þau þetta árið í lok febrúar og fyrrihluta marsmánaðar í Korpukoti. Í Fossakoti var boðið upp á samtöl í gegn um síma. Í samtölum sem þessum er farið er yfir almennan þroska og líðan barnsins í leikskólanum. Foreldrar eru hvattir til að leita til okkar utan skipulagðra samtala.

## 8.3 Foreldraráð

Foreldraráð er starfandi við leikskóla LFA ehf. Það er kosið í ráðið á foreldrafundi í október ár hvert. Í ráðinu sitja tveir foreldrar úr Korpukoti og tveir foreldrar úr Fossakoti auk leikskólastjóra.

Foreldraráðið starfar nær einungis í gegn um tölvupóstssamskipti.

## 8.4 Foreldrafélag

Foreldrafélag hefur það markmið að virkja samstarf heimilis og leikskóla með ýmsum viðburðum. Stjórn foreldrafélagsins einsetur sér að skipuleggja öflugt og gjöfult starf, þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Foreldrafélögin eru tvö, í Fossakoti annars vegar og Korpukoti hinsvegar. Þá var staðið að nokkrum viðburðum, keyptar leiksýningar á sumarhátíð og fyrir jól auk þess sem foreldrafélögin taka þátt í vináttuverkefni okkar með kaupum á Blæ-böngsum fyrir börnin.

# 9 Skipulagsdagar og leikskóladagatal

## 9.1 Skipulagsdagar

Skipulagsdagar eru þrír yfir skólaárið. Hver mínúta hefur ávallt verið vel nýtt á þessum dögum til að komast m.a. yfir nauðsynlegt skipulag er varðar leikskólastarfið og samræma og kynna nauðsynlega verkferla er varðar öryggi allra sem hér eru við leik og störf. Eftir hvern og einn skipulagsdag er foreldrum send greinargerð um viðfangsefni og vinnu dagsins. Greinargerðarnar má sjá aftast í starfsáætlun þessari sem fylgiskjöl.

## 9.2 Leikskóladagatal

Stjórnendateymi leikskólans setur saman leikskóladagatalið. Við skipulagningu er lýðræði haft að leiðarljósi og hlustað eftir óskum barna og kennara þegar viðburðir og aðrir þættir eru skráðir inn.



## 10 Fylgigögn

Fylgiskjal 1 - Samantekt um sérkennslu/stuðning

Fylgiskjal 2 - Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Fylgiskjal 3 – Líðan starfsfólks leikskólans í Covid-19 - samantekt

Fylgiskjal 4 – Skráningarblað á TRAS vinnustund

Fylgiskjal 5 – Mat á hópastarfi

Fylgiskjal 6 – Matsblað stöðvavinnu

Fylgiskjal 7 – Greinargerðir frá skipulagsdögum

Fylgiskjal 8 – Umsögn foreldraráðs

Fylgiskjal 9 – Skóladagatal

Gert í Reykjavík 18. júní 2020

Fyrir hönd LFA ehf. / Fossakot og Korpukot

Kristín Björk Viðarsdóttir, leikskólastjóri

## Fylgiskjal 1

### Samantekt um sérkennslu/stuðning

Í Korpukoti er eitt barn með 7 tíma úthlutaða í stuðning í 1. flokki og eitt barn með 2 tíma úthlutaða í 2. flokki. Tvö börn njóta sérkennslu án þess þó að vera með skilgreindan stuðning. Í þeirri sérkennslu felst markviss málörvun 3 x í viku. Það eru tveir starfsmenn sem sinna sérkennslu.

Í Fossakoti var ekkert barn með úthlutaðan stuðning síðastliðið skólaár. Eitt barn naut sérkennslu fram efir skólaárinu án þess að vera með skilgreindan stuðning. Í þeirri sérkennslu var verið að vinna með heyrnæna úrvinnslu, minni, athygli og úthald. Einn starfsmaður sinnti sérkennslunni.

Í starfi leikskólans er mikil áhersla lögð á markvissa örvun með alhliða málstarf og er málþroski skráður hjá öllum börnum og fylgst er vel með og gripið til íhlutunar ef þarf. Ekki er til áætlun um snemmtæka íhlutun, en áætlað er að setja hana á laggirnar og innleiða á komandi skólaári.

Einstaklingsnámskrár eru gerðar fyrir börn sem hafa úthlutaðan stuðning. Þær er unnar í samvinnu við hagsmunaaðila þ.e. viðkomandi barn, foreldra þess, starfsfólks og annarra er koma að málinu. Starfsfólki deilda eru kynntar þær áherslur sem unnið er að hverju sinni með börnum sem njóta sérkennslu. Reglulegir teymisfundir eru haldnir með foreldrum, kennurum og öðrum sérfræðingum sem koma að vinnu með barni sem hefur úthlutaða stuðningstíma. Teymisfundir eru jafnframt haldnir með foreldrum þeirra barna sem njóta sérkennslu án úthlutaðra stuðningstíma sem og viðkomandi kennurum skólans hverju sinni.

Starfsfólk leikskólans leitast við að veita ráðgjöf til foreldra og þeir hvattir til að óska eftir þeirri þjónustu ef þeir telja þörf á. Jafnframt eru stjórnendur með réttindi til að halda foreldranámskeiðið *Uppeldi sem virkar – færni til framtíðar*.

Gott samstarf er á milli leikskólans og Miðgarðs, þjónustumiðstöðvar Grafarvogs og Kjalarness, Greiningar- og ráðgjafarstöðvar ríkisins, Æfingastöðvarinnar og annarra stofnanna er við koma máli hverju sinni.

Þroskaþjálfari sinnir og heldur utan um börn með úthlutaðan stuðning og sinnir málefnum í kring um þá vinnu. Fagstjóri sér um fræðslu og ráðgjöf til foreldra og faglegan stuðning til starfsfólks.



Vísbending	Já eða nei/fjöldi	Ef nei, þarf að koma tímasetning um áætlun á innleiðingu hér.
Hversu mörg börn í 1. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum?	1	
Hversu mörg börn í 2. flokki njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum	1	
Hversu mörg börn njóta sérkennslu/stuðnings í leikskólanum frá sérkennslustjóra (önnur en börn í 1. og 2. flokki)	2	
Hve margir sinna sérkennslu/stuðningi í leikskólanum?	2	
Er til áætlun um málörvun í leikskólanum?	Já	
Er til áætlun um snemmtæka íhlutun í leikskólanum?	Nei	
Eru gerðar einstaklingsnámskrár í samvinnu við hagsmunaaðila (foreldrar, börn og starfsfólk)	Já	
Eru einstaklingsnámskrár í virkri notkun?	Já	
Þekkir starfsfólk deildarinnar þær áherslur sem verið er að vinna með hverju sinni fyrir börn með stuðning?	Já	
Eru regluleglulegir teymisfundir með foreldrum/forráðamönnum og öðrum sérfræðingum sem að barninu koma?	Já	
Er veitt ráðgjöf og stuðningur til foreldra?	Já	
Er samstarf við þjónustumiðstöð og aðrar stofnanir?	Já	Miðgarð, Greiningar- og ráðgjafarstöð ríkissins og Æfingastöðina
Er samvinna milli sérkennslustjóra og starfsmanna leikskólans?	Já (fagstjóri)	
Veitir sérkennslustjóri fræðslu, ráðgjöf og stuðning til starfsmanna?	Já (fagstjóri)	



## Fylgiskjal 2

### Skipulagt starf vegna barna með annað móðurmál en íslensku.

Skólaárið 2019-2020 voru átta börn í Fossa- og Korpukoti fjöltyngd. Öll þessi börn eru af annarri eða þriðju kynslóð innflytjenda sem þýðir að þau eru öll fædd og uppalin hér á landi og þar af leiðandi í íslensku umhverfi og samfélagi.

Við leggjum engu að síður ríka áherslu á að öll börnin á leikskólunum kynnist smám saman því samfélagi og menningu sem þau lifa í og um leið ólíkum fjölskyldugerðum og menningarheimum. Þetta er gert með því að halda fjölmenningsviku einu sinni á ári þar sem fjöltyngd börn hafa tækifæri til að sýna og segja frá landi sínu og þjóð. Í forstofu leikskólans eru einnig þjóðfánar allra barna og ritmál þeirra sýnilegt og þeim boðið góðan daginn á eigin tungumál. Við teljum og vonum að með þessu upplifi viðkomandi fjölskyldur upplifi sig velkomin í leikskólann.

Öll börn sem hafa náð 2,4 ára aldri fara í svokallaðar TRAS-vinnustundir einu sinni í viku þar sem unnið er með margar hliðar mál- og félagsþroska og eru einstaklingsskráningar gerðar á þessum þroska einu sinni í viku allan veturinn.

Mikil áhersla er lögð á allt málstarf í leikskólunum og er unnið að því að dýpka orðaforða og skilning barnanna í daglegu starfi, með bókalestri, söng og leik auk þess reynt er að hafa ritmálið sýnilegt börnunum.

Vísbending	Já eða nei	Hvernig? Með hvaða aðferðum?
Vinna með íslensku sem annað mál og virkt tvítyngi	Nei	10. mín. reglan með hverjum og einum starfsmanni deildar daglega
Er markviss vinna með daglegan orðaforða? (grunnorðaforða)	Já	M.a. með því að krefjast svara frá börnunum
Er markvisst verið að dýpka orðaforða barnanna?	Já	Alhliða málörvun, samtal, bækur og fl.
Er fylgst með framförum barnanna?	Já	TRAS skráningar
Er hugað að öllum þáttum máls og virkni barnanna? <ul style="list-style-type: none"><li>• Orðaforði og málskilningur</li><li>• Tjáning og frásögn</li><li>• Hlustun og hljóðkerfisvitund</li><li>• Ritmál</li><li>• Félagslegt tungumál, tilfinningar, áhugi, styrkleikar, löngun</li></ul>	Já	Skv. TRAS



## Fylgiskjal 3

### Niðurstöður úr könnun um áhrif Covid-19 hjá starfsfólki í maí 2020

#### Fossakot (18 manns svöruðu könnuninni)

##### *HVORT FANNSTU FYRIR MEIRI EÐA MINNI ÖRYGGISTILFINNINGU VEGNA VIÐBRAGÐA LEIKSKÓLANS?*

Allir svöruðu á þá leið að þeir hefðu fundið fyrir meira öryggi vegna viðbragða leikskólans nema einn sem segist hafa fundið fyrir stressi fyrst um sinn sem minnkaði svo.

→ *HVERS VEGNA?*

Í svörum starfsmanna er greinilegt að aukið hreinlæti og snögg og rétt viðbrögð jóku öryggistilfinningu þeirra. Þá töluðu einhverjir um að umhyggja í samskiptum hefði aukið þeirra öryggi sem og samvinna. Einn svaraði á þá leið að skipting á börnunum hefði aukið öryggi.

##### *FANNST ÞÉR ÞÚ FÁ NÆGJANLEGAR UPPLÝSINGAR FRÁ VINNUVEITANDA?*

Allir nema einn töldu sig fá nægjanlegar upplýsingar frá vinnuveitanda sínum.

##### *HVAÐA LÆRDÓM TELUR ÞÚ AÐ MEGI DRAGA AF ÞEIM BREYTINGUM SEM URÐU Í STARFINU?*

Starfsmenn Fossakots urðu meðvitaðari um mikilvægi hreinlætis og er aukin samvinna, liðheild og teymisvinna áberandi í svörum. Þá ber nokkuð á því að starfsmenn hafi lært að góð samskipti sem einkennast af virðingu séu mikilvæg á tímum sem þessum og þá telja sumir að draga megi þann lærdóm að starfsmenn hafi mikla aðlögunarhæfni og eru nú reyndari.

##### *TELUR ÞÚ AÐ EITTHVAÐ AF ÞEIM BREYTINGUM SEM GERÐAR VORU SÉU SNIDUGAR Í STARFINU TIL FRAMBÚÐAR?*

16 af þeim 18 sem svöruðu sögðust vilja halda auknum þrifum áfram í starfinu og telja mikilvægt að sótthreinsa snertifleti eins og húna og rofa daglega að auki vilja einhverjir auka hreinlæti og sótthreinsun þegar kemur að matartímum.

Þrír starfsmenn vilja halda í minnkaða umgengni foreldra og jafnvel taka á móti börnunum í forstofu til frambúðar.

##### *FINNST ÞÉR LEIKSKÓLANUM HAFNA MISTEKIST EITTHVAÐ Í FERLINU, HVAD HEFÐI MÁTT GERA BETUR?*

12 voru sammála því að ekkert hefði mistekist, tveir starfsmenn hefðu viljað skipta starfsmannahópnum í tvennt líkt og börnunum, einn svaraði á þá leið að vöntun hefði verið á hreinsiefnum. Þá gerði einn athugasemd við fjöldafund í litlu rými. Tveir kusu að svara ekki spurningunni.

##### *HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í DAG?*

Allir 18 sögðu að þeim liði vel, einhverjir töluðu um að vinnustaðurinn væri góður og aðrir hlökkuðu til að hlutirnir yrðu aftur eins og þeir voru. Einn talaði um að honum liði betur nú en áður og annar talaði um aukið traust til vinnuveitanda.

## Korpukot (16 manns svöruðu könnuninni)

### *HVORT FANNSTU FYRIR MEIRI EÐA MINNI ÖRYGGISTILFINNINGU VEGNA VIÐBRAGÐA LEIKSKÓLANS?*

15 starfsmenn svöruðu því að viðbrögð leikskólans hefðu aukið öryggistilfinningu þeirra en einn svaraði á þá leið að hann að fyndi fyrir óöryggi vegna ástandsins í samfélaginu en tengdi það ekki við viðbrögð leikskólans.

→ *HVERS VEGNA?*

Áberandi meirihluti fann fyrir aukinni öryggistilfinningu og ástæður fyrir því voru m.a. vegna góðra viðbragða, miklu upplýsingaflæði, auknu skipulagi, hreinlæti og sóttvörnum. Þar að auki var eflað samvinna áberandi í svörum starfsfólks.

### *FANNST ÞÉR ÞÚ FÁ NÆGJANLEGAR UPPLÝSINGAR FRÁ VINNUVEITANDA?*

Allir nema einn töldu sig fá nægjanlegar upplýsingar frá vinnuveitanda sínum og sá taldi samskipti við einn deildarstjóra hefðu mátt vera meiri.

### *HVAÐA LÆRDÓM TELUR ÞÚ AÐ MEGI DRAGA AF ÞEIM BREYTINGUM SEM URÐU Í STARFINU?*

Mikilvægi hreinlætis var áberandi í svörum starfsfólks. Einnig má sjá að aukið skipulagt hópastarf og samvinna starfsfólks skipti miklu máli og gerði starfið auðveldara á erfiðum tímum.

### *TELUR ÞÚ AÐ EITTHVAÐ AF ÞEIM BREYTINGUM SEM GERÐAR VORU SÉU SNIÐUGAR Í STARFINU TIL FRAMBÚÐAR?*

Greinilegt er að starfsfólk er ánægt með hópaskiptingu barna og virðist vilja halda henni áfram. Það sama má segja um þrif/sóttvarnir og virðist skipulag hvað það varðar vanta. Nokkrir nefndu að stuttar kveðjustundir séu af hinu góða.

### *FINNST ÞÉR LEIKSKÓLANUM HAFA MISTEKIST EITTHVAÐ Í FERLINU, HVAD HEFÐI MÁTT GERA BETUR?*

Meirihluti starfsfólks taldi leikskólanum ekki hafa mistekist í ferlinu. En í svörum má greina þrjár ábendingar frá starfsfólki um hvað hefði betur mátt fara. Þ.e. að gæta hefði mátt betur upp á samskiptafjarlægð, viðvera deildarstjóra hefði mátt vera meiri, auk þess var því velt upp hvort skipta hefði mátt starfsfólki í tvo hópa sem hefði mátt til vinnu til skiptis.

### *HVERNIG LÍÐUR ÞÉR Í DAG?*

Allir svöruðu á þá leið að þeir finndu fyrir vellíðan.

## Samantekt

Svipað svarhlutfall var í báðum skólum og er hægt að fullyrða að viðbrögð skólanna aukið öryggistilfinningu meginþorra starfsmanna (33/1) því má þakka skjótum viðbrögðum teymis og þeirri staðreynd að viðbragðsáætlun var til sem þurfti að aðlagða aðstæðum. Einnig sýna niðurstöðurnar að skipulag í starfi og samskiptum, samvinna og umhyggja getur skipt sköpum þegar gæta þarf að andlegri heilsu starfsmanna. Þá skyldi engan undra að hreinlæti og sóttvarnir auki öryggistilfinningu allra í aðstæðum sem þessum.

Þegar starfsmenn voru spurðir hvaða lærdóm mætti draga af þeim aðstæðum sem samfélagið var sett í eru starfsmenn beggja skóla sammála um að sóttvarnir og hreinlæti skipti miklu máli sem og samvinna og liðsheild. Starfsmenn Korpukots nefndu auk þess að skipting barnanna í minni hópa hefði aukið yfirsýn og öryggi, þetta kom ekki fram í svörum þeirra sem starfa á Fossakoti en hópaskipting hefur verið venjan þar í nokkur ár fyrir þess tíma.

Í báðum skólum eru allir sammála um að halda auknum þrifum áfram í starfinu, sótthreinsun á snertiflötum og borðum og aukið hreinlæti í matartímum. Langflestir á Korpukoti vilja halda í hópaskiptingu barnanna og hafa suttar kveðjustundir líka sýnt gildi sitt þar á undanförunum vikum. Starfsmenn Fossakots kunna líka að meta minni umgegni foreldra.

Á heildina litið telja starfsmenn að viðbragðsteymi hafi vandað vel til verka og að fátt hefði betur mátt fara en nokkrir starfsmenn í báðum skólum hefðu kosið að skipta starfsmannahópnum í tvennt líkt og gert var með barnahópin. Að auki komu ábendingar um að gæta hefði mátt upp á samskiptafjarlægð og aðgengi að hreinsiefnum hefði mátt vera betra.

Á heildina litið er óhætt að segja að leikskólinn hafi brugðist hratt við af öryggi og umhyggju með reglur og fyrirmæli almannavarna í fyrirrúmi. Stuttur tími gafst til undirbúnings fyrir tímabil sem enginn okkar hafði áður upplifað. Það þurfti að huga að mörgu og skipuleggja margar vikur fram í tímann á örskammri stundu til þess að geta haldið skólunum opnum, til að gæta að öryggi barnanna og starfsmannanna og huga að andlegri heilsu allra. Þetta hafðist með nokkurri þrautseigju og samvinnu. Síðastliðnar vikur hafa allir hér verið ómissandi og unnið merkilegt starf sem draga má mikinn lærdóm af.

*Við stöndum öll í þakkarskuld við hvert annað.*

## Fylgiskjal 4

### Skráning á TRAS-vinnustund

Hópur: \_\_\_\_\_

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Barn: \_\_\_\_\_ ☐ Gat allt ☐ Gat að hluta ☐ Gat ekkert

Athugasemdir um börnin:

Athugasemd um verkefnið sjálft:



## Fylgiskjal 5

### Ígrundun og mat á hópastarfi

Hópstjóri:	
Hópur:	
Viðfangsefni/pema:	
Verkefni	
Hvað gekk vel	
Endurskoðun og úrbætur	
Til minnis	



## Fylgiskjal 6

**Matsblað – hvað er metið:** Stöðvavinna, samantekt annar

Hvar stöndum við?

---

---

---

---

---

Hvernig vitum við það?

---

---

---

---

---

Hvað ætlum við að gera næst?

---

---

---

---


---



Eins og áður eftir starfsdag upplýsum við ykkur um daginn okkar.

Vinnustaðurinn er stór hluti af lífi hvers og eins og því mikilvægt að líða vel á þeim vettvangi. Okkur langar til að gera góðan vinnustað enn betri og fengum því til okkar Sigríði Þormars hjúkrunarfræðing og doktor í áfallasálfræði til að halda námskeið um *áhrifarík samskipti*.

Andrúmsloft vinnustaðar okkar snýst að miklu leyti um mannleg samskipti og vellíðan starfsmanna skiptir sérlega miklu máli. Börnin í leikskólanum lesa fljótt í samskipti okkar kennara, og þau samskipti veita aftur börnunum



öryggi yfir daginn. Á námskeiðinu voru kenndar áhrifaríkar leiðir til að bæta hæfni okkar í samskiptum m.a. með því að læra að fá fólk í lið með sér, leysa ágreining á uppbyggilegan hátt og skapa jákvætt andrúmsloft. Við hófum vinnu við gerð samskiptareglna á vinnustað okkar, sem unnið verður úr og útkoman verður „samskiptasamningur“ sem allt starfsfólk leikskólans hefur átt þátt í að móta. Samskipti erum við að læra alla ævi og því eru endalaus tækifæri til að gera betur ☺

Farið var yfir starfsáætlun skólaársins 2019-2020 og er hún nú komin inn á vefsíðu skólans og má lesa þar. Skóladagatalið er með svipuðum hætti og fyrri ár, en breyting er á dótadögum að því leyti að skipst er á að hafa dótadag þar sem börnin mega koma með leikfang að heiman, einn dagur sem við kjósum að kalla „ódótadag“ en þá erum við ekki með leikföng og leggjum áherslu á hugmyndaflug og ímyndunarafl barnanna við leik og loks er það útidótadagur. Sú breyting er á þemadögunum okkar að annan hvern þemadag eru það börnin sem ræða saman og kjósa um hvaða sérstaka viðfangefni eigi að einkenna þemadaginn. Með því erum við að gefa börnunum sjálfum tækifæri til að hafa áhrif á starfið í leikskólanum sínum.

Farið yfir niðurstöður viðhorfskönnunar sem foreldrar svöruðu í apríl sl. Nánari greining fer fram á yfirstandandi skólaári og umbætur gerðar í kjölfarið. Sjá má niðurstöður í upplýsingahillu.

Góður dagur með kraftmiklu og skemmtilegu fólki. Næsti skipulagsdagur verður föstudaginn 10. janúar 2020

Eins og áður eftir starfsdag upplýsum við ykkur um daginn okkar.

*Vínátta* er forvarnarverkefni á vegum Barnaheilla gegn einelti, ætlað leikskólum og fyrstu bekkjum grunnskóla. Á yfirstandandi skólaári höfum við verið að kynna okkur kennsluefnið, þrír starfsmenn hafa farið á námskeið og nú á starfsdeginum fengum við svo kynningu fyrir allt starfsfólk. Verkefnið er unnið með Barnasáttmálann að leiðarljósi og lýtur m.a. að því að börn tileinki sér góð



samskipti, það eflir félagslega færni þeirra og stuðlar að góðum skólabrag. Þetta misseri ætlum við að vinna enn frekar að undirbúning verkefnisins og byrja að máta það inn í skólastarf okkar, áður en við förum á fulla ferð.

Eftir hádegi var tímanum varið í sameiginlegan starfsmannafund, sem skiptist svo niður á deildar þar sem unnið var að málefnum sem varða m.a. barnahópin, skipulag og fleira þess háttar. Þá var einnig farið yfir verkferla og hlutverkaskipan á rýmingu húsnæðis, en það er nauðsynlegt að vera með þess háttar öryggisþætti á hreinu og aldrei of oft farið yfir þá verklagsferla.



Góður dagur með frábæru fólki ☺

Minni á að næsti starfsdagur **föstudaginn 22. maí 2020**, þann dag er leikskólinn lokaður.



Eins og alltaf að loknum starfsdegi sendum við ykkur upplýsingar um hvernig við nýttum daginn. Þéttskipuð dagskrá hafði verið sett saman og fylgdu við henni í þaula.

Við byrjuðum daginn á góðum starfsmannafundi þar sem farið var yfir mikilvæg málefni og var Covid19 þar efst á baugi, það skyldi engan undra. Að lokinni umræðu svöruðu allir starfsmenn könnun um viðbrögð leikskólans á þessum sögulega tíma. Með henni vildum við komast að því hvað við höfum lært og hvaða breytingar komu að góðum notum auk þess sem niðurstöðurnar verða nýttar til endurskoða viðbragðsáætlun.



Þá var kynntur samskiptasáttmáli okkar starfsmanna en á starfsdegi í september hlýddu allir starfsmenn á fyrirlestur Sigríðar Þormars um jákvæð samskipti á vinnustað. Í framhaldinu hófst vinna að samskiptasáttmála starfsmanna og úr varð að við settum okkur öll það markmið að hafa fimm lykilhugtökum að leiðarljósi í samskiptum okkar en þau eru: samvinna, jákvæðni, liðsheild, kurteisi og virðing.

Þá tók við kynning frá Erlu Snædís og Katrínu Maríu en næsta haust gerum við ráð fyrir að innleiða vináttuverkefni Barnaheilla um bangsann Blæ. Þær kynntu fyrir öllum starfsmönnum hvernig þessi viðbót mun fléttast inn í starfið okkar á öllum deildum. Það var fróðleg og ítarleg kynning á öllu námsefni verkefnisins sem og framkvæmd þess. [Hér](#) er hægt að kynna sér verkefnið ef áhugi er fyrir því.



Að henni lokinni voru haldnir deildarfundir þar sem hver deild leit yfir farinn veg, ræddi sín málefni og þau verkefni sem eru framundan, bæði í náninni framtíð og næsta haust.

Áætlað er að næsti starfsdagur verði 11. september 2020 og munum við þá meðal annars endurnýja réttindi okkar í skyndihjálpi barna.

Við þökkum fyrir skemmtilegt en jafnframt krefjandi skólaár og með sól í hjarta hlökkum við til að taka á móti langþráðu sumri með börnunum ykkar.

## **Starfsáætlun 2020 – 2021**

### **Fossakot & Korpukot**

### **Umsögn foreldraráðs**

Foreldraráð leikskólans skipa:

Berglind Bragadóttir  
Hólmfríður H. Pálmarsdóttir  
Katrín María Emilsdóttir  
Ylfa Sigprúðardóttir  
Auk leikskólastjóra



## Um starfsáætlanir leikskóla

Leikskólar gera starfsáætlun sem byggir á skólanámskrá leikskólans og menntastefnu Reykjavíkurborgar til 2030 sem hefur þá framtíðarsýn að í kraftmiklu skóla- og frístundastarfi öðlist börn og unglingar menntun og reynslu til að láta drauma sína rætast og hafa jákvæð áhrif á umhverfi og samfélag. Menntastefnunni er ætlað að bregðast við þeim áskorunum sem felst í stöðugum samfélags- og tæknibreytingum sem umbreyta uppeldisaðstæðum barna og hefðbundnum hugmyndum um menntun.

Tilgangur starfsáætlunar er að gera skólaþróun leikskólans markvissa með árangursmiðuðum markmiðum og umbótamiðuðu innra mati. Starfsáætlun er birt opinberlega og gefur starfsfólki, foreldrum og rekstraraðilum meðal annars upplýsingar um hvernig starf leikskólans gekk á síðasta starfsári og hvernig unnið verði að mati, umbótum og innleiðingu á áherslum úr menntastefnunni og hvernig á að nota þróunarstyrk næsta starfsárs.

Eftirfarandi upplýsingar koma fram í starfsáætlun:

- Umfjöllun leikskólastjóra um starf síðasta árs. Tilgreina áherslur í leikskólastarfinu sem unnið verður að á komandi starfsári sem tengist menntastefnu Reykjavíkurborgar, þróunarstyrk, skólanámskrá og/eða öðrum verkefnum.
- Niðurstöður innra mats síðasta árs þar sem greining er á helstu styrkleikum og tækifærum til umbóta.
- Matsáætlun sem unnin er út frá niðurstöðum innra og ytra mats, tækifærum til umbóta og þróunarverkefnum tengt menntastefnu Reykjavíkur og áherslur úr skólanámskrá.
- Umbótaáætlun deilda þar sem hver deild gerir grein fyrir aðgerðum og leiðum til umbóta út frá matsáætlun leikskólans.
- Starfþróunaráætlun leikskólans byggð á matsáætlun.
- Skóladagatal fyrir árið þar sem m.a. skipulagsdagar eru tilgreindir.
- Umsögn foreldraráðs.

Starfsáætlun leikskólans tekur gildi 1. september ár hvert og skal skilað rafrænt til skóla- og frístundasviðs fyrir 1. júlí. Starfsáætlanir eru lagðar fyrir skóla og frístundaráðs til samþykktar.



## Mat á leikskólastarfi

Tilgangur innra mats er að leggja faglegan grundvöll að endurbótum í leikskólastarfi og vinna kerfisbundið að því að auka gæði þess og gera það skilvirkara.

Markmið innra mats samkvæmt lögum um leikskóla er að:

- Veita upplýsingar um skólastarf, árangur þess og þróun til fræðsluyfirvalda, starfsfólks leikskóla, viðtökuskóla og foreldra.
- Tryggja að starfsemi leikskóla sé í samræmi við ákvæði laga, reglugerða og aðalnámskrár leikskóla.
- Auka gæði náms og leikskólastarfs og stuðla að umbótum.
- Tryggja að réttindi barna séu virt og að þau fái þá þjónustu sem þau eiga rétt á samkvæmt lögum.

Skólanámskrá leikskólans er skrifleg lýsing á því sem gert er í leikskólanum og á því sem á að gera. Þar koma fram bæði markmið og leiðir leikskólans. Skólanámskrá leikskólans setur því viðmið fyrir matið.

Tilgangur ytra mats er að safna upplýsingum um viðhorf foreldra leikskólabarna og starfsmanna til að nota við innra mat leikskólans. Að auki er það liður í ytra mati skóla- og frístundasviðs og/eða Mennta- og menningarmálaráðuneytis.

## Hlutverk foreldraráðs

Samkvæmt 11.gr. laga um leikskóla frá 2008 er hlutverk foreldraráðs að gefa umsagnir til leikskóla og nefndar, sbr. 2. mgr. 4. gr., um skólanámskrá og aðrar áætlanir sem varða starfsemi leikskólans. Þá skal ráðið fylgjast með framkvæmd skólanámskrár og annarra áætlana innan leikskólans og kynningu þeirra fyrir foreldrum. Foreldraráð hefur umsagnarrétt um allar meiri háttar breytingar á leikskólastarfi.



## Umsögn foreldraráðs:

### Umsögn Foreldraráðs.

Foreldraráð leikskóla LFA, Fossakots og Korpukots hefur farið yfir og kynnt sér starfsáætlun fyrir skólaárið 2020-2021.

Starfsáætlunin er sett fram á hnitmiðaðan og metnaðarfullan hátt auk þess sem hún er í samræmi við stefnu leikskólanna.

Upplýsingar um stærð nemendahópsins, aldurs- og kynjahlutfall og þjófðerni er mjög sýnilegt. Það sama má segja um upplýsingar um fjölda starfsmanna, menntun þeirra og stöður. Endurmenntun virðist eiga sér stað miðað við skráningar fyrir síðastliðið skólaár og komandi skólaár. Hvatning til endurmenntunar teljum við alltaf vera af hinu góða.

Skólinn viðurkennir að alltaf má gera betur og eru áætlanir til umbóta settar fram. Þetta er vísbending um að starfið sé í stöðugri þróun og að stjórnendur séu vakandi yfir því sem betur má gera. Við teljum að starfið sé faglegt og spennandi og teljum við það mikinn kost að menntun um lýðræði eigi sér stað með börnunum á skipulagðan hátt og að lýðræðisleg vinnubrögð séu sýnileg.


Erfitt skólaár er að baki og spennandi tímar framundan með frábærum umbótum og nýjum verkefnum, t.d. Vináttu Barnaheilla.

Foreldraráð samþykkir starfsáætlunina eins og hún kemur hér fram.

Reykjavík, 19.júní 2020



Berglind Bragadóttir



Hólmfríður Hulda Pálmarsdóttir



Katrín María Emilsdóttir



Ylfa Sigbrúardóttir

Samband íslenskra  
sveitarfélaga

# Leikskóladagatal 2020 - 2021

Nafn leikskóla: **Korpukot og Fossakot**  
Birt með lýrniðvara um breytingar

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NOVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MÁI	JÚNÍ	JÚLÍ
1 L	1 Þ	1 F	1 S	1 Þ	1 F	1 M	1 M	1 F	1 L	1 Þ	1 F
2 S	2 M	2 F	2 M	2 L	2 L	2 Þ	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 F
3 M	3 F	3 L	3 Þ	3 F	3 S	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F	3 L
4 Þ	4 F	4 S	4 M	4 F	4 M	4 F	4 F	4 S	4 Þ	4 F	4 S
5 M	5 L	5 M	5 F	5 L	5 Þ	5 F	5 F	5 M	5 M	5 L	5 M
6 F	6 S	6 Þ	6 F	6 S	6 M	6 L	6 L	6 Þ	6 F	6 S	6 Þ
7 F	7 M	7 M	7 L	7 M	7 F	7 S	7 S	7 M	7 F	7 M	7 M
8 L	8 Þ	8 F	8 S	8 Þ	8 F	8 M	8 M	8 F	8 L	8 Þ	8 F
9 S	9 M	9 F	9 M	9 M	9 L	9 Þ	9 Þ	9 F	9 S	9 M	9 F
10 M	10 F	10 L	10 Þ	10 F	10 S	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 L
11 Þ	11 S	11 S	11 M	11 F	11 M	11 F	11 F	11 S	11 Þ	11 F	11 S
12 M	12 L	12 M	12 F	12 L	12 Þ	12 F	12 F	12 M	12 M	12 L	12 M
13 F	13 S	13 Þ	13 F	13 S	13 L	13 L	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 Þ
14 F	14 M	14 M	14 L	14 M	14 F	14 S	14 S	14 M	14 F	14 M	14 M
15 L	15 Þ	15 F	15 S	15 Þ	15 F	15 M	15 M	15 F	15 L	15 Þ	15 F
16 S	16 M	16 F	16 M	16 M	16 L	16 Þ	16 Þ	16 F	16 S	16 M	16 F
17 M	17 F	17 L	17 Þ	17 F	17 S	17 M	17 M	17 L	17 F	17 L	17 L
18 Þ	18 F	18 S	18 M	18 F	18 M	18 F	18 F	18 S	18 Þ	18 F	18 S
19 M	19 L	19 M	19 Þ	19 L	19 F	19 F	19 F	19 M	19 M	19 L	19 M
20 F	20 S	20 Þ	20 F	20 S	20 M	20 L	20 L	20 Þ	20 F	20 S	20 Þ
21 F	21 M	21 M	21 L	21 M	21 F	21 S	21 S	21 M	21 F	21 M	21 M
22 L	22 Þ	22 F	22 S	22 Þ	22 F	22 M	22 M	22 F	22 L	22 Þ	22 F
23 S	23 M	23 F	23 M	23 M	23 L	23 Þ	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 F
24 M	24 F	24 L	24 Þ	24 F	24 S	24 M	24 M	24 L	24 M	24 F	24 L
25 Þ	25 F	25 S	25 M	25 F	25 M	25 F	25 F	25 S	25 Þ	25 F	25 S
26 M	26 L	26 M	26 F	26 L	26 Þ	26 F	26 F	26 M	26 M	26 L	26 M
27 F	27 S	27 Þ	27 F	27 M	27 M	27 L	27 L	27 Þ	27 F	27 S	27 Þ
28 F	28 M	28 M	28 L	28 M	28 F	28 S	28 S	28 M	28 F	28 M	28 M
29 L	29 Þ	29 F	29 S	29 Þ	29 F	29 M	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 Þ
30 S	30 M	30 F	30 M	30 L	30 L	30 Þ	30 Þ	30 F	30 S	30 M	30 M
31 M		31 L		31 F	31 S	31 M	31 M		31 M		

